


Frjósmælingar á Akureyri og í Garðabæ í júní 2017

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 7. júlí 2017.

Akureyri.

Í júní var úrkoma á Akureyri nálægt meðallagi en sólskinsstundir fáar. Heildarfrjöldi frjókorna reyndist vera nokkuð yfir meðaltali eða 823 frjó/m³. Meðaltal júnímánaðar frá árinu 1998 er 694 frjó/m³. Flest frjókornanna voru furufrjó, 224 frjó/m³, en þau innihalda ekki ofnæmisvaka. Það gera þó birkifrjó og grasfrjó, en báðar tegundir mældust með u.þ.b. 190 frjó/m³. Birkifrjóin voru flest á lofti fyrri hluta mánaðarins, eftir það voru þau mjög fá og síðustu vikuna mældust engin. Frjótíma birkis fyrir norðan er því lokið þetta sumarið. Fyrstu grasfrjóin mældust síðustu vikuna í maí en það var ekki fyrr en um miðjan júnímánuð sem þau fóru að mælast í einhverju magni. Síðustu daga júnímánaðar var þurr og tiltölulega hlýtt á Akureyri og mældust grasfrjó þá 10–30 frjó/m³ á hverjum degi. Ef veður fyrir norðan verður áfram úrkomulítið, vindasamt og hlýtt má búast við miklu magni af grasfrjóum í lofti í júlímánuði. Súrufrjó mældust fyrst þann 9.júní og síðan þá hafa mældust 1–2 frjó/m³ flesta dagana.




Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní á Akureyri. Fyrri hluta mánaðar var mest af birkifrjókornum en þegar þeim fækkaði tóku grasfrjóin við. Mest var af frjóum þann 17. júní eða 106 frjó/m³ en 75 þeirra voru furufrjó. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær.

Úrkomudagar og sólskinsstundir í Reykjavík voru örlítið fleiri en í meðalári. Heildarfrjöldi frjókorna reyndist vera nálægt meðaltali eða 1364 frjó/m^3 . Meðaltal júnímánaðar frá árinu 2011 er 1352 frjó/m^3 . Flest þessara frjókorna voru birkifrjó, 575 frjó/m^3 , en eftir 12. júní mældist þó aðeins 1 birkifrjó/ m^3 á degi hverjum þar til þau hættu alveg þann 23. júní. Frjótíma birkis á suðvesturhorni landsins er lokið. Furufrjó í lofti reyndust ansi mörg þennan mánuðinn eða 319 frjó/m^3 en þau innihalda ekki ofnæmisvaka. Fyrsta grasfrjóðið mældist þann 31. maí og jókst þegar leið á mánuðinn. Það mældust samtals 291 grasfrjó/m^3 í Garðabæ í júní. Flest voru þau að mælast vikuna fyrir miðjan mánuðinn ($15\text{--}24 \text{ frjó/m}^3$) en þá var einnig lítil úrkoma og hvað hlýjast yfir mánuðinn. Fari frjótölur yfir $10\text{--}20 \text{ frjó}$ á einum degi má búast við að ofnæmiseinkenna verði vart en það er þó einstaklingsbundin einnig sem nálægt við blómstrandi grasið skiptir máli. Ef veður verður úrkomulítið, hlýtt og vindasamt í júlí má búast við miklu af grasfrjóum í lofti þar sem aðalfrjótími þeirra er nú kominn af stað. Súrufrjó mældist fyrst þann 3. júní og síðan þá hafa mælst $1\text{--}3 \text{ frjó/m}^3$ flesta dagana og má gera ráð fyrir að þau haldi áfram að mælast í júlímánuði.



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní í Garðabæ. Birkifrjó hættu að mælast um miðbik mánaðarins en grasfrjó tóku við. 1. júní mældust birkifrjó 284 frjó/m^3 sem er það mesta í Garðabæ þetta árið. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabær 7. júlí 2017

Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir

Netfang gunnhildur@ni.is
www.ni.is

